

Aukaaðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Ár 2026, fimmtudaginn 18. júní var haldinn aukaaðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (SVÁ) í samræmi við ákvæði 6. gr. stofnsamnings um að á kosningaári sveitarstjórna skuli halda aukaaðalfund eigi síðar en 10. júlí þar sem kosin er ný stjórn.

Fundurinn var haldinn í Aratungu í Reykholti og hófst kl. 9:03.

Þessi sátu fundinn; Ásta Stefánsdóttir og Helgi Kjartansson fyrir Bláskógabyggð, Haraldur Þór Jónsson og Sylvía Karen Heimisdóttir fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Árni Eiríksson fyrir Flóahrepp og Fjóla Steindóra Kristinsdóttir og Guðmundur Finnbogason fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

Einnig sátu fundinn: Anný Ingimarsdóttir, Dagný Davíðsdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir og Hallur Símonarson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

Ákveðið að fundarstjóri yrði Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar og að fundarritari yrði Hallur Símonarson, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan

1. Ný stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. Kosningar til sveitarstjórna fóru fram þann 16. maí sl. Í kjölfar þess hafa aðildarsveitarfélögin tilnefnt aðal- og varafulltrúa í stjórn SVÁ. Tilnefndir aðalfulltrúar eru Ásta Stefánsdóttir fyrir Bláskógabyggð, Sylvía Karen Heimisdóttir fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Hulda Kristjánsdóttir fyrir Flóahrepp, Aldís Hafsteinsdóttir fyrir Hrunamannahrepp og Fjóla Steindóra Kristinsdóttir fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp. Tilnefndir varafulltrúar eru Helgi Kjartansson fyrir Bláskógabyggð, Haraldur Þór Jónsson fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Jón Bjarnason fyrir Hrunamannahrepp, Árni Eiríksson fyrir Flóahrepp og Guðmundur Finnbogason fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp

Samþykkt samhljóða

2. Stofnsamningur - lögð fram tillaga að breytingum á stofnsamningi staðfestum 20. mars 2024, birtur í Stjórnartíðindum nr. B-424/2024.

Tillagan er samþykkt samhljóða með þeirri breytingu að ákvæði 17. gr. verði uppfærð í samræmi við fyrri ákvörðun stjórnar um kostnaðarskiptingu og henni vísað til afgreiðslu hjá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna og jafnframt vakin athygli á því að samningurinn skuli fá tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili.

3. Starfsreglur stjórnar - lögð fram tillaga að breytingum á erindisbréfi stjórnar.

Tillögunni er frestað þar til afgreiðsla stofnsamnings hefur verið fullnustuð.

4. Rekstraryfirlit - fram fer kynning á rekstraryfirliti Skóla- og velferðarþjónustunnar fyrir janúar – mars 2026.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 10:00